

Ed.

656. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri í mótorskipi með 150—400 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—400 hestafla samskonar vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—400 hestafla vél.

Enginn hefir þó rétt til að vera 1. vélstjóri samkv. annari málsgrein þessarar greinar við stærri mótórvél en 150 hestöfl, nema hann hafi áður stundað vélgæzlu við samskonar vél að minnsta kosti í 6 mánuði og að undangengnu verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.